

Ísafjarðarbær
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. janúar 2016
UST201601-047/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020 - breyting – Pverárvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Ísafjarðarbæjar dags. 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Hér er um litla rennslisvirkjun að ræða eða um 600 kW. Þrátt fyrir að umfang mannvirkja sé ekki mikið geta talsvert neikvæð áhrif fylgt framkvæmd af þessu tagi sérstaklega ef um langa aðveitulögn er að ræða og ef ekki er hugað nægilega að útliti mannvirkja og staðsetningu.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að í greinargerð sé lögð sérstök áhersla á að vanda frágang þannig að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymistjóri